ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999

TECH BEAD SEALER

Útg. mars 2008

Innihald:

1. Söluheiti
2. Aðvörun
3. Samsetning
4. Skyndihjálp
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlífðarbúnaður
9. Efnaeiginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
14. Flutningur
15. Lög og reglur
16. Annað

1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: TECH BEAD SEALER
Notkun: Þéttiefni fyrir dekkjaviðgerð
Vörunr. framleiðanda: **735, 735G, 735-5G, 735-55G**
Vöruflokksnúmer N1: **664**
Ath. 3 vörunr. v/ mismunandi magns/íláta
Dreifing: **N1 hf. Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi**
Sími: 440 1000

Framleiðandi: **Tech international, 200 East Coshocton Street. P.O. Box 486, Johnstown, Ohio 43031**
Sími tengiliðar: 00 703 527 3887
(neyðarlína Chemtrec)
Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112
Sími Eitrunarmiðstöðvar Landsspítala HS: 543 2222

2. Skilgreining hættu:

Afar eldfimt (merki)
Hættulegt heilsu (merki)
Hættulegt umhverfinu (merki)

Aðvörun:
- Gufa af efninu getur valdið lungnaskaða og jafnvel lífshættu
- Getur ert augu og húð
- Gufa af efninu getur valdið sljóleika og syfju
- Hættulegt við inntöku
- Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

3. Samsetning efnis - upplýsingar um innihald. (samkv. 67/548/EEC)

Hættuleg innihaldsefni umfram 1% að magni (0,2% fyrir úðaefni) skv. tilsk. 2001-58-EC, CHIP 3

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti.	Styrkur %	Hættufl.	Hættusetningar
142-82-5	205-563-8	heptan og blanda ísómera		F, Xn, Xi, N	11-38-50/53-65-67
64742-89-8	265-192-2	leysibensín (úr jarðolíu), létt, alifatískt	>89	T	45-65

4. Skyndihjálp.

Við einkenni skal leita læknisaðstoðar..

Snerting við augu: Fjarlægið snertilinsur. Þvoið augu rækilega með miklu vatni í 15 mín. og haldið augnlokum uppi á meðan. Leitið læknis hverfi óþægindi ekki.

Snerting við húð: Þvoið með léttu sápuvatni. Leitið læknis ef óþægindi hverfa ekki. Fjarlægið mettaðan fatnað.

Við innöndun: Flytjið viðkom. í ferskt loft.Gefið súrefni ef þarf. Leitið strax læknis.

Við inntöku Hreinsið munnhol með vatni. Gefið meðvitunarlausum hvorki vott né þurrt. Framkallið ekki uppsölur. Leitið læknis.

Hverfi óþægindi ekki skal leggja viðkomandi í hvíldarstöðu (á vinstri hlið með höfuð niður á við) og fylgjast með viðkomandi þar til hjálp berst.
Þessar upplýsingar eru ekki tæmandi og ber að skoða sem slíkar.

5. Eldsvoði: Slökkvun. Efnið er afar eldfimt

Slökkviefni - aðferð: Kolsýra, duft, froða

Athugið: Gufa af efninu er þyngri en loft og getur safnast fyrir niðri við gólf og myndað sprengihættu. Fjarlægið alla hugsanlega neistagjafa ef unnt er.
Varist sérstaklega neista frá stöðuspennu.
Við slökkvun skal nota allan viðeigandi hlífðar- og öryggisbúnað.

Annað: Blossamörk gufunnar eru við mínus 6,7 °C
Neðri sprengimörk gufunnar eru við 1% loftmengun (rúmtak).
Efri sprengimörk eru við 8% loftmengun

6. Efnaleki.

Til varnar starfsfólki: Fjarlægið alla neistagjafa (raftæki) eða aftengið.
Notið hlífðarbúnað til að forðast innöndun gufu og snertingu við augu og húð.

Til varnar umhverfi: Stöðvið leka sé það gerlegt og óhætt. Sogið efnið upp með dælu.

Gætið þess sérstaklega að efnið nái ekki að komast í niðurföll eða út í vatnskerfi.

Upptaka - þrif: Bindið vökva með sandi, mold eða uppsuguefni, setjið í viðeigandi ílát. Vísið öllum óviðkomandi frá svæðinu. Standið þannig að loft streymi frá en ekki í andlit. Notið vatnsúða til að minnka uppgufun (rok). Þrífið með hreinsiefni (sápu/vatni). Upptekið efni skal vera í þéttlokuðum ílátum og skal farga í samráði við spilliefna-móttöku viðeigandi sveitarfélags.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Forðist innöndun gufu af efninu og snertingu við augu og/eða húð. Notið persónuhlífar við meðhöndlun og notkun, farið að öryggisreglum vinnustaðar. Þvoið hendur rækilega að lokinni notkun vörunnar, sérstaklega fyrir neyslu matar eða reykinga. Þvoið mettaðan hlífðarfatnað fyrir næstu notkun.

Geymsla: Geymið á vel loftræstum og þurrum stað í tryggilega lokuðum ílátum.

8. Persónuhlífar - forvarnir.

Mengurnarmörk: (eiga ekki við, sjá kafla 3)	CAS Nr.	L = Meðalgildi 8 st. vinnudag mg/m^3	S = Þakgildi, 15 mín. tímabil ppm
leysibensín, létt, alif.	6742-89-8		400
heptan og ísómerar	142-82-5		400

Forvörn: Neistavarin loftræsting skal vera þar sem unnið er með efnið.

Hendur: Notið viðeigandi hlífðarhanska sem þola leysiefni, nitríl eða PV sem þola spíra.

Öndunarvörn: Sé loftræsting ófullnægjandi skal nota andlitsgrímu viðurkennda af Vinnueftirliti. .

Augu: Notið hlífðargleraugu. Tæki til augnaskolunar skal vera á vinnustað

9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

Form/útlit/litur lykt: Seigur vökvi, svartur, sterk leysiefnalykt

Sýrustig (pH):

Blossamark: mínus 6,7 °C

Suðumörk: 98,3 - 110 °C við 760 mm Hg

Uppleysanleiki: Leysist ekki upp í vatni

Rúmþyngd: 0,75 g/rsm við 15,5 °C

Framhald á bls. 3

Gufuþrýstingur: 110,5 mm Hg við 37,7°C
Uppgufunarstig: 3,3 (Bútýlasetat = 1)
Rokefnainnihald %: 89,1% af rúmtaki
Rokefnainnihald: 661 g/l

10. Áhrifavaldar (stöðugleiki). Efnið er stöðugt við eðlilegar aðstæður.
Aðstæður sem ber að forðast:
Efni sem ber að forðast: Sterkar sýrur og basa
Hætta á efnahvörfum: Engin hættuleg efnahvörf eða fjölliðun.
Hætta við niðurbrot: Kolmónoxíð (eitruð gufa)
Önnur niðurbrotsefni: Kolvatnsefni og koldíoxíð

11. Eiturfræðileg atriði.
Engin bráðaeitrunaráhrif eru þekkt varðandi þetta efni.

Stökkbreytingar
Eitrun/frjósemi: Engar upplýsingar eru fyrir hendi um hugsanleg áhrif þessa efnis á frjósemi.
Líffæri, áhrif: Gæti valdið andþyngslum
Innkirtla/hormónatruflun: Engar upplýsingar eru fyrir hendi um hugsanleg áhrif þessa efnis á frjósemi.

12. Skaðsemi gagnvart umhverfi.
Eituráhrif í vistkerfi: Mjög eitrað vatnalífverum og getur valdið skaða á lífríki vatns.
Lífrænt niðurbrot er auðvelt.


13. Förgun.
Nýrri útgáfa spilliefnaskrár EC/2001/118 (European Waste Catalogue): Tilvísun:
07 07 04* Afgangur og spilliefni frá framleiðslu kemískra efna, að öðru leyti ótilgreindra, lífræna leysiefna, hreinsiefna og stofnvökva.

Efnið er afar eldfimt og ber að farga því, notuðum ílátum og leifum þess sem slíku hjá og í samráði spilliefnamóttöku viðkomandi sveitarfélags. Í vissum tilfellum getur stafað sprengihættu af hálftæmdum ílátum.

14. Flutningur.
UN 1133, eldfimt lím, 3, PG II
Sérstök flokkun/athugasemd nr. í uppsláttarskrá : 128
EmS nr. 3-05 45,3 kg farm skal skrá sérstaklega (eldfimur vökvi).
Hættuflokkun úrgangs: D001
Farmupplýsingar: 1 lítra brúsa má flytja sem notendavöru innanlands.
Meira magn skal flytja sem afar eldfimt efni sem sprengihættu getur stafað af.
Að öðru leyti vísast til sérstakra reglna DOT, IATA/IMDG fyrir UN 1268 miðað við magn og frágang.

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.



Varnaðarmerking: **Afar eldfimt**
Hættulegt heilsu
Hættulegt umhverfinu

Varúðartexti:

H-setningar: **H11** Mjög eldfimt.
H38 Ertir húð
H50/53 Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.
H65 Hættulegt: Getur valdið lungnaskaða við inntöku.
H45 Getur valdið krabbameini.

V-setningar: **V9** Geymist á vel loftræstum stað.
V16 Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.
V29 Má ekki losa í niðurfall.
V33 Gerið varúðarráðstafanir gagnvart stöðurafmagni.
V60 Efni og umbúðum skal farga sem spilliefni.
V61 Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar/öryggisleiðbeiningar
V62 Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust læknis og sýnið

Íslensk lög eða reglur sem gilda um þessa ákveðnu vöru:

Reglugerð um flokkun eiturefna nr. 236/1990
Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999.
Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum nr. 765/2001.
Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980
Reglur um mengunarmörk og aðg. til að draga úr mengun á vinnustöðum nr. 154/1999.

Upplýsingar í samræmi við tilskipun um RLE 1999/13/EC

(RLE = Rokgjörn lífræn efni = VOC = Volatile Organoc Compound).

Rokgjörn lífræn leysiefni (RLL): 89%
Rokgjörn lífræn efni (RLE): 72%
Rokgjörn KFF-efni:
(KFF = Krabbameinsvaldur, fósturskaðvaldur, frjósemisskaðvaldur)
(sjá kafla 16.)
Rokgjarnar GHL (halógenar, H40-merking): Á ekki við
(GHL = Gróðurhúsalofttegundir)

Atriði varðandi Rokefna-tilskipun 2004/42/ECVOC

Undirflokkur skilgreindur í fylgiskjali IIB (á ekki við)
Hámarksinnihald lífrænna rokefna tilgr. í IIB : -
RLE-innihald viðk. vöru fyrir notkun samk. ISO 11890 : -

16. Aðrar upplýsingar.

Texti hættusetninga í kafla 3 : **H11** Mjög eldfimt.
H38 Ertir húð
H50/53 Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Framhald á bls. 5

H65 Hættulegt: Getur valdið lungnaskaða við inntöku.
H45 Getur valdið krabbameini.

Notanda er bent á að kynna sér alþjóðleg, erlend eða innlend lög og reglugerðir sem gætu átt við. Athygli notenda er vakin á að um notkun þessarar ákveðnu vöru kunna að gilda aðrar reglur til viðbótar þeim sem tilteknar eru í þessum öryggisleiðbeiningum.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru viðbót við notkunarleiðbeiningar á sérstöku gagnablaði og/eða leiðbeiningar sem prentaðar eru á umbúðir en koma ekki í stað þeirra.
Skýring á skammstöfunum:
EU-L ,,Maximum exposure limit - 8 h. (Meðalgildi höndlunartíma, hámark 8 klst. ES)
EU-S ,,Maximum exposure limit - 15 min. (Þakgildi höndlunartíma, hámark 15 mín. ES)
(Samkv. tilsk. 898/24/EC)

Þær upplýsingar sem fram koma í þessum öryggisleiðbeiningum eru í samræmi við þá þekkingu sem fyrir hendi er hjá framleiðanda á öryggisþáttum varðandi viðkomandi efni á þeim degi og tíma sem dagsetning útgáfu gefur til kynna. Upplýsingarnar eru

gefnar í góðri trú. Undir engum kringumstæðum draga þessar upplýsingar úr nauðsyn þess að notandi kynni sér gildandi lög, reglugerðir og reglur vinnustaðar sem kunna að eiga við notkun og meðferð viðkomandi efnis og fara eftir þeim. Notandi er hvattur til að lesa þessar öryggisleiðbeiningar. Hvernig hann tileinkar sér þær og að hve miklu leyti er alfarið á ábyrgð hans sjálfs og verður hvorki framleiðandi né dreifingaraðili/seljandi sóttur til ábyrgðar vegna afleiðinga sem hlotist geta af röngum aðferðum við notkun efnisins, mistökum í meðferð þess eða notkun þess til annars en það er ætlað.

Útgefandi:
Global Safety Management, 3340 Peachtree Road, #1800, Atlanta Georgia,
GA 30326, U.S.A. Sími: 00 877 683 7460. www.globalsafetynet.com

Dags. frumútgáfu: 23.febrúar 2006. MSDS #735
Frumheimild: Tech Bead Sealer, útgáfa nr. 6
Þýðing: Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélatæknifræðingur, Reykjanesbæ. Mars 2008.